

Ed.

31. Frumvarp til laga

[31. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 23. apríl 1983, skal kosning enn fremur fara fram 24. apríl 1983, þó ekki í kjördeildum sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsýslunnar.

Kjörstjórn getur þó ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr. nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsg. 128. gr., og áður en kjörfundi lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér að vegna ótryggs tíðarfars við kosningar þær til Alþingis, sem fram eiga að fara 23. apríl 1983, beri brýna nauðsyn til að ákveða fjölgun kjördaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 23. apríl 1983, skal kosning enn fremur fara fram 24. apríl 1983, þó ekki í kjördeildum sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsýslunnar.

Kjörstjórn getur þó ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr. nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsg. 128. gr., og áður en kjörfundi lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.